

Æðarfugl

og æðarrækt á Íslandi



Ritstjóri:
Jónas Jónsson

Ritnefnd:
Atli Vigfússon
Einar G. Pétursson
Valdimar H. Gíslason

Höfundar efnis

Aðalbjörg Guðmundsdóttir

Árni Snæbjörnsson

Atli Vigfússon

Baldur Hólmsteinsson

Davíð Gíslason

Eysteinn G. Gíslason

Ingibjörg Eyþórsdóttir

Jónas Jónsson

Karl Skírnisson

Konráð G. Eggertsson

Magnús Ketilsson

Pétur Þórarinnsson

Sigurlaug Bjarnadóttir

Unnur Sæmundsdóttir

Valdimar H. Gíslason

Ævar Petersen

Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi

Rit Æðarræktarfélags Íslands

© 2001 Æðarræktarfélag Íslands

Hönnun og umbrot: Mál og mynd og Hörður Sigurðarson

Prentun: Steindórsprent – Gutenberg ehf.

Bókband: Félagsbókbandið – Bókfell ehf.

Útgefandi: Mál og mynd

Menningarsjóður styrkti útgáfu þessarar bókar

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis höfunda og útgefanda.

ISBN 9979-772-08-5

Hirðing æðarvarps

Inngangur

Líklega hafa Íslendingar nytjað æðarfugl allt frá því að land byggðist. Lengi framan af hefur trúlega allt verið nytjað, egg, dúnn og kjöt. Eftir að fuglinn var friðaður með lögum 1849 hefur fyrst og fremst verið um dúnnnytjar að ræða, þótt eggjataka hafi jafnframt verið einhver. Heimildir um nytjar af æðarfugli ná allt aftur á 12. öld. Þótt lítið sé vitað um dúnnnytjar á fyrstu öldum byggðar í landinu má fullvíst telja að dúnninn hafi verið nýttur.¹ Æðardúnn hefur lengi verið verðmæt og eftirsótt verslunarvara, en af heimildum má sjá að í lok 17. aldar er hann orðinn fullgild verslunarvara, þ.e. sem innlegg í verslanir.² Því hafa bændur lengi talið það eftirsóknarvert að fá sem mestan og bestan æðardún. Í ljósi þess að dúnnnytjar eru aldagömul búgrein þá hafa þróast aðferðir og vinnubrögð, sem í ljósi reynslunnar koma bæði æðarfuglinum og bóndanum vel. Aðferðir þessar byggja á því að vernda fuglinn og hlúa að honum eftir öllum tiltækum leiðum og því að haga aðgerðum í varplandinu þannig að þær auki varp og bæti dúnnýtingu. Auk aðgerða í varplandinu, byggist íslenskur æðarbúskapur öðru fremur á natni og réttri umgengni við fuglinn. Hér á eftir verður greint frá helstu þáttum varðandi hirðingu og uppbyggingu æðarvarps.

Undirbúningur varplands

Ævafor mun sá siður að undirbúa varplandið fyrir komu æðarfuglsins. Í *Ferðabók Eggerts og Bjarna*, sem byggir á ferðum þeirra um landið á árunum 1752–1757, er þess getið að á Knarrarnesi á Mýrum hafi árlega verið borið út hey og mosi á kletthólma áður en fuglinn kom á vorin. Æðarfuglinn nýtti sér þetta og geta þeir þess að þetta sé gamall siður.³

Víðast hvar fer æðarfuglinn að sækja að varplandinu um mánaðamótin apríl/mái, þótt það geti verið breytilegt eftir árferði og stöð-

um á landinu. Hann er þá á víkum, vogum eða meðfram ströndinni í nokkurn tíma, en fer í eftirlits- og kynnisferðir um tilvonandi varpland, fyrst á flugi en síðan gangandi ef allt er í lagi. Að kynnisferðunum loknum hefur fuglinn fyrsta undirbúning. Hann felst í því að finna hreiðurstæði, losa um rusl í botni þess og bæta við sinu, mosa, þangi eða öðru lauslegu sem hann finnur á staðnum. Þetta blandast síðar saman við dúnninn. Til þess að auðvelda fuglinum undirbúninginn er mjög gott að vera búinn að fara um varplandið, hreinsa upp úr gömlum hreiðrum og setja hey (ómyglað) í hreiðurbotnana ef lítið er um laust efni á staðnum eða ef koma þarf í veg fyrir að efni eins og mosi, lyng, melgresi o.fl., sem mjög erfitt er að hreinsa úr, blandist saman við dúnninn. Einnig er gott að dreifa úr heyi hér og þar ef land er hrjóstrugt og lítt gróið. Æðarkollurnar taka því einkar vel að fá hey í hreiðurbotninn, það sparar þeim fyrirhöfn við að nálgast annað laust efni til þess að hylja eggin með áður en dúnninn fer að losna. Þá veitir heyið aukna vernd gegn vætu og kulda og ver gegn jarðkulda, auk þess að varna því að dúnninn blandist öðru lausu efni sem mun erfiðara er að hreinsa úr.

Þetta þarf að gera áður en fuglinn fer að vitja varplandanna á vorin, eins þarf öllum öðrum undirbúningi í varplandinu að vera lokið fyrir þann tíma, þ.e. skreytingu, hreiðurgerð og öðrum framkvæmdum, ásamt því að ganga verður úr skugga um að ekki sé tófa eða minkur í varplandinu.

Skreyting varplands

Eins og margt annað við hirðingu æðarvarps er sá siður eldri en halda mætti að skreyta varplöndin. Tilgangur þess er tvíþættur: a) að fæla í burtu varg, b) að laða æðarfugl að varpslóðunum. Sumir álíta að fuglinn sé glys-gjarn og laðist að sterkum litum eða vissum





Stangir og prik eru notuð sem skraut, en einnig sem hindrun fyrir flugvarg. Myndin er frá Sveinseyri í Tálknafirði.

hljóðum eða öðru sem skröltir í eða blaktir og kemur þetta víða fram með beinum eða óbeinum hætti hjá þeim sem um málið hafa fjallað, m.a. hjá Daniel Bruun.⁴ Aðrir telja að fuglinn sé listelskur og tilgreina dæmi um það.⁵ Erfitt er að sanna hvort æðarfuglinn laðast að varplöndunum vegna skrautsins eða hvort aukin umhirða, sem oftast fylgir slíku umstangi laðar fuglinn að. Hitt er víst að æðarfuglinn er ótrúlega fljótur að hænast að mannum og umstangi hans í varplöndunum. Þótt sumir hafi meiri trú á að aukin umhirða, sem oft fylgir skreytingu og öðrum aðgerðum, hafi meira að segja en skreytingin sjálf, þá hafa svo

Fuglahræða.



Ótrúlegustu hlutir laða æðarkollur að.

margir greint frá góðri reynslu af henni að útilokað er að neita því að hún hafi áhrif. Ólafur Sigurðsson á Hellulandi segir svo frá: „Heima hjá mér gerði ég smá athugun fyrir nokkrum árum. Í hólma, þar sem árlega verptu 4–6 kollur, flaggaði ég nokkuð, mest með hvítum flöggu, setti þar upp 20 rellur og tvær sauðaklukkur. Þetta ár verptu í hólmanum 26 kollur. Næsta vor hafði ég engan umbúnað í hólmanum, þá voru hreiðrin átta.“⁶ Svipaðar lýsingar hefur undirritaður oft heyrt hjá æðarbændum.

Í ritgerð sinni frá 1783 talar Ólafur Stefánsson um að gott sé að setja hami af þeim fuglum sem ásækja æðarvarpið upp á háa stöng í miðju varpi og einnig víðar um varplandið. Ágætt sé að setja upp „vindspjöld“ sem myndi skrölthljóð og einnig sé gott að setja upp hríslur.⁷ Þess má geta að hundrað árum síðar lagði Varp-Eyjólfur (Eyjólfur Guðmundsson, sjá þátt um hann á bls. 245) mikla áherslu á það að setja upp hríslur. Mjög margar ritgerðir um æðarrækt, sem síðan hafa verið skrifaðar, greina frá gagnsemi þess að skreyta varplönd æðarfuglsins.

Skreyting æðarvarps

Eftirfarandi upptalning lýsir flestum þeim aðferðum sem notaðar eru eða hafa verið notaðar við að skreyta æðarvarp:

- Setja upp hræður sem líkjast manni, þ.e. timburgrind klædd/skreytt með fatalörfum í skærum litum.
- Smáflögg eða veifur um 20x30 sm að stærð sem festar eru á 50–100 sm löng prik.
- Strengja stög eða snúrur á milli staura í 1–2 m hæð og hengja marglitar tuskur eða plastrenninga á snúrurnar.
- Setja allstóra steina við eða nálægt hreiðurbarmi og mála með skærum lit þannig að liturinn snúi til sjávar.
- Setja upp rellur á prik eða staura þannig að þær gefi frá sér samfellt hljóð þegar vindur er.
- Klukkur (skips- eða skólaklukkur) hengdar á staur í varpinu og sérstakur búnaður látinn knýja kólfinn þegar vindur er.
- Útvarp sett í varplandið og látið ganga allan sólarhringinn þannig að vel heyrist um stórt svæði. (Sumir hafa ákveðna skoðun á því hvaða útvarpsefni/-stöð – henti best.)
- Setja niður 1 m háa staura á víð og dreif og binda hrísknippi á efri endann.
- Setja niður 1 m háa staura á víð og dreif, stinga upp grashnaus rétt hjá þeim og setja ofan á staurendana og láta grasið snúa upp. Holan þar sem hnausinn var tekinn myndar síðan skál fyrir hreiðurbotn og er upplagt að setja hey þar í.
- Hengja upp í staur við varpsvæðið hræ af þeim flugvargi sem ásækir varpið (hrafn, máfur).
- Koma gerviaðarfuglum fyrir í varplandinu og á nærliggjandi tjörnum eða vatni. Líkön þessi geta verið úr tré eða plasti og eru þá máluð í réttum litum. Eins hafa spjöld úr krossviði verið notuð þar sem litur og lögun eru höfð sem eðlilegust.
- Setja upp allstórar skógarhríslur á víð og dreif í stað staura.
- Gróðursetning víðitegunda í varplandi kemur einnig til greina.
- Kveikja eld í þurru þangi eða öðru efni á klöppum nálægt varpstöðvunum og mynda reyk. Þetta er gert rétt áður en fugl sest upp.

Þótt reynsla margra sýni að skreyting æðarvarps sé gagnleg, skal ávallt haft í huga að aðstæður eru breytilegar og að ekki er sjálfgefið að slíkt eigi alls staðar við. Þá er æðarvarp allvíða dreift um svo víðáttumikið svæði að skreyting er illfrankvæmanleg.

Tjarnir, hólmar og aðstæður til varps

Æðarfuglinn er sjófugl í þeirri merkingu að hann er mest allt árið á eða við sjó og sækir þangað allt æti, en fer aðeins í land um varptímann. Um leið og ungarnir skríða úr eggjum þurfa þeir að komast í æti og er marfló eða annað sambærilegt úr fjöruborðinu aðaluppi- staða fæðunnar. Varpstöðvar æðarfuglsins eru því aðallega í eyjum eða meðfram ströndinni þar sem stutt er að fara með ungana í æti um leið og þeir skríða úr eggjum. Víða verpir æðarfuglinn þó langt frá sjó, jafnvel í nokkurra kílómetra fjarlægð, en þá er nauðsynlegt að það sé við á eða læk þannig að kollan geti fleytt ungunum á 1–2 dögum til sjávar, en yfirleitt virðast þeir ekki taka æti úr ám eða stöðuvötnum. Varpland fuglsins er afar fjölbreytilegt og æðarvarp getur auðveldlega þrífist nánast hvar sem er meðfram ströndinni fáir fuglinn

þann frið sem hann þarf. Hins vegar sýnir reynslan að tjarnir og hólmar skapa eftirsóttar aðstæður fyrir fuglinn. Eyjar og hólmar eru eðli málsins samkvæmt sjálfkrafa viss vörn fyrir fuglinn gegn ýmsum ágangi. Eflaust hefur tófan átt sinn þátt í því að eyjar og hólmar, í sjó, vötnum eða ám, hafa lengst af verið aðalvarpsvæði æðarfuglsins þótt fleira kunni einnig að hafa komið til. Tjarnir eru mjög eftirsóttar í varplandinu. Þær valda því m.a. að

*Varphólmi í
Héraðsvötnum í
Skagafirði, sem tilheyrir
Lóni í Viðvíkursveit.*



*Tilbúin tjörn í Hrísey
sem æðarfuglinn nýtir
sér ríkulega.*



fugl hópast þangað á vorin í aðdraganda varps, en æðurin hefur þar visst afdrep á meðan hún kannar umhverfið og undirbýr varp. Eins má sjá hvernig fuglinn notar tjarnir í varplandinu til að venja ungana við sund og köfun og styrkja þá áður en haldið er til sjávar. Gerð tjarna í varplandi er gamallþekkt ráð til þess að efla æðarvarp, en oft má gera þær með einfaldri stíflugerð og dæmi er þess að lítill lækur í hæfilega hallandi landi var með fyrirhleðslu látinn mynda nokkrar tjarnir á svæðinu. Eins hafa menn leitt vatn um langan veg eða jafnvel dælt því til þess að mynda tjarnir. Á tjörnum hefur gefist vel að láta gerviaðarfugla liggja við stjóra á vorin þegar vænta má þess að æðarfugl fari að koma í varplandið. Þess má

*Skreyttur æðarvarps-
hólmi á Melvakkaslétu.
Hólminn hefur verið
hækkaður með grjóti og
torfi.*

geta að nægjanlegt er að tjarnir fyrir æðarfugli haldi vatni út júnímánuð. Eins er æskilegt að um þær sé gegnumstreymi vatns. Þá kemur til greina að gera sérstök sjávarlón, þar sem aðstæður eru til slíks, en gerð tjarna í landi er mun algengari aðferð. Víða liggja varplönd þannig að þau eru í sífelldri hættu ef flóð gerir í ár og vötn eða þau eru opin fyrir ágangi sjávar. Þótt víðast sé erfitt um vik hefur verið reynt að verjast slíku eftir föngum. Þá má nefna einstaka framkvæmd í Hrísey, þar sem rásir voru sprengdar í sjávarhamra til þess að auðvelda æðarungum að komast á sjó.

Allt frá tímum Ólafs Stefánssonar* er þekkt að vænlegt þótti að búa til hólma í stöðuvötnum til þess að koma upp eða efla æðarvarp, en



uppbygging hólma hefur verið stunduð allt fram á okkar tíma og má þar t.d. nefna hólmann Bessa í Bessastaðatjörn á Álftanesi. Hólmar þessir voru áður fyrir myndaðir með því að fara með grjót og annað efni út á ís að vetri til, en á síðari árum hafa verið notuð stórvirk tæki til þess að grafa upp efni úr botninum eða þá að grafa hólma frá landi með skurðagerð. Yfirleitt hefur gengið vel að græða slíka hólma upp, jafnvel þó að efnið hafi verið grjót og möl, en það hefur verið gert með modði og heyi. Tilbúnir hólmar úr stórgrýti hafa oft reynst illvinnandi afdrep fyrir mink og þarf að hafa það í huga við gerð þeirra og uppbyggingu. Allvíða er nú æðarvarp í tilbúnum hólum.



Girðingar, garðarog fleira æðarvarpi til varnar
Þekkt er í búnaðarsögunni að garðhleðslur voru algengar til forna,⁹ en erfitt er að sjá nákvæmlega hvenær byrjað var að verja æðarvarp með girðingum, þ.e. görðum. Þess má geta að gaddavír kom ekki til landsins fyrr en um aldamótin 1900.¹⁰ Í ritgerð sinni frá 1877 ítrekar Eyjólfur Guðmundsson¹¹ að nauðsynlegt sé að girða varpið af svo búpeningur komist ekki í það á varptímanum, en líklega er aðferðin þó enn eldri. Reynslan sýnir að nauðsynlegt er að halda búpeningi og óviðkomandi umferð frá varplöndum æðarfuglsins allt frá

fyrsta aðdraganda varps og þar til því er að mestu lokið. Aðeins þar sem fuglinn hefur smátt og smátt aðlagast ákveðinni umferð búpenings getur slíkt gengið í takmörkuðum mæli en er ætíð vandmeðfarið. Þar sem varp er í eyjum og hólum er auðveldara að koma þessu við heldur en á landi, en með tilkomu girðinga úr vír eða neti varð þetta mun auðveldara, enda nota æðarbændur girðingar í ríkum mæli æðarvarpi til varnar. Með tilkomu nútíma girðinga hafa skapast nýir möguleikar á að halda tófu frá æðarvarpi. Hefðbundnar búfjárgirðingar eru yfirleitt ekki tófuheldar þó

Þéttriðin girðing til þess að halda tófu frá Þyrilsnesi í Hvalfirði. Böövar Þorsteinsson að loka hliðinu.



Varpið á Læk í Dýrafirði er girt með hefðbundinni girðingu, sem síðan er klædd að neðan með múrhúðunarneti til varnar tófu.



Síldarvarpa sett á hefðbundna girðingu til varnar tófu í Norðurkoti á Reykjanesi.

þær geti stundum bægt einstaka dýri tíma-bundið frá. Bændur hafa því gripið til þess ráðs að klæða neðri hluta hefðbundinna girðinga þéttriðnu neti (múrhúðunarneti, síldar-nót eða þvíumlíku) og fella það þétt að jarð-vegsyfirborði með steinum eða hnausum. Slíkar girðingar eru dýrar og þurfa mikið eftirlit og viðhald en duga vel gegn tófunni ef hún finnur ekki glufu til að nýta sér. Eins geta aðstæður verið þannig að girðingar henti alls ekki. Við vissar aðstæður hefur gefist vel að nota háspennna rafgirðingu til þess að halda tófu frá æðarvarpi. Þá er haft stutt á milli strengja og rafmagn á hverjum streng og jafn-vel lagður einn rafstrengur 15 sm utan við girðinguna og 10 sm frá jörðu. Vörslugildi



Frá Læk í Dýrafirði. Tófa hefur grafið sig undir girðingu sem er æðarvarpinu til varnar.

slíkra girðinga hefur verið kannað og ljóst er að við réttar aðstæður geta þær dugað vel.¹² Slíkar girðingar eru ódýrari en hefðbundnar girðingar en þær verða að vera á sléttu undir-lagi og gróður má ekki snerta rafstrengina.

Hreiðurgerð

Hreiðurgerð æðarfuglsins er ekki flókin, þó leitast hann við að hafa hreiðurbotninn í líki nokkurs konar skálar sem í byrjun er yfirleitt grunn. En þar sem orpið er í sömu hreiðrin ár eftir ár verður skálarmyndunin meiri og

Hér er eingöngu notuð loðnunót til þess að girða varpið og verjast tófu.





Hjólbarðar eru víða vinsælir.

hreiðurbarmar myndast. Í hreiðrið tínir fuglinn laust efni sem finnst umhverfis það, s.s. sinu, þang, mosa o.fl. sem síðar blandast svo dúninum. Oft velur fuglinn hreiðrinu skjólgóðan stað í lautum, skorningum, á milli steina eða kletta, inni í kjarri eða hávöxnum gróðri, við veggj garða eða annað sem myndar skjól eða afdrep. Einnig verpir æðarfuglinn á fjölbreytilegustu stöðum í mýrum, móum, holtum og á melum, í sandfjörum eða þanghrönnum. Einnig á stöðum sem geta verið skjóllaussir og/eða blotna upp í vætutíð eða flæðir uppi með stækkandi straumi og virðist sem víðsýnið og það að fylgjast með umhverfinu geti skipt máli. Val æðarfuglsins á stað eða svæði til hreiðurgerðar virðist því oft býsna furðulegt og hafa margir velt því fyrir sér hvað veldur því að æðarkollan velur skuggsælan stað mót norðri þegar skjólgóð og sólrík svæði mót suðri standa til boða. Reynsla margra æðarbænda sýnir þó að oftast þiggur kollan með þökkum hreiðurgerð og myndun skjóls og sækir í það sem maðurinn reynir að búa í haginn. Hitt hefur einnig komið í ljós að þar sem er skjól, og aðstæður frá náttúrunnar hendi eru hvað bestar, hefur hreiðurgerð mannsins minna að segja.

Tilgangur hreiðurgerðar fyrir æðarfuglinn er margþættur; þar má nefna:

a) mynda skjól fyrir veðri og vindum, b) mynda vörn gegn flugvargi, c) laða fuglinn á

þurrari og betri staði til varps og lokka hann upp úr flæðarmálinu og mýrarsundum o.fl. óheppilegum stöðum, d) laða æðarfuglinn að varpstöðvum og auka varp, e) bæta dúnnýtingu, f) gera útungun öruggari.

Þegar gera á hreiður og skjól/skýli fyrir æðarfuglinn er mikilvægt að vanda val á svæðum til hreiðurgerðar og hafa þá eftirfarandi í huga: Að svæðið sé skjólgott og að op hreiðranna snúi undan verstu vindáttum. Að svæðið sé ofan við flóðmörk sjávar og að flóð í ám og við leysingar nái ekki á svæðið. Að forðast lautir sem blotna upp í vætutíð, þó að í meðalári sé þar þokkalega þurrt. Að hæfilega rúmt sé um



Æðarfugl sækir oft heim að bæjum eða byggð.



Garður í Vigur með æðarhreiðrum. Verðlaunaður um 1830.

kolluna á hreiðrinu/skýlinu og gott er ef hún getur haft útsýni og þá helst til sjávar (vatns). Ekki spillir að umhverfið bjóði upp á aðlaðandi aðstæður þar sem blikinn getur unað sér.

Sú viðleitni manna að gera hreiður, skjól eða skýli fyrir æðarfuglinn er ævagömul, því í frásögn frá 1783 er lýsing á mismunandi hreiðurgerðum æðarvarpi til framdráttar eins og um alkunna þekkingu sé að ræða. Þar er m.a. greint frá gerð helluhreiðra, þar sem hellur mynda vegg á þrjá vegu utan um hreiðrið og sú fjórða er látin mynda þak.¹³ Hugsanlega á gerð helluhreiðra sér enn lengri sögu, en Lúðvík Kristjánsson segir tiltækar heimildir um slíkt ekki ná lengra aftur en á ofanverða 17. öld.¹⁴ Í ársritinu *Gesti Vestfirðingi* frá 1849 er talsvert fjallað um mismunandi hreiðurgerðir, en þar segir m.a.: „Fóru þeir þá að búa

Þarna reynast trérammar vel við hreiðurgerð.



til hús úr steinum, og sáu brátt, að æðarfuglinum kom þetta mikið vel, urðu þau að vera svo rúmgóð, að æðurnar gætu snúið sér og staðið í þeim, báru þeir þá þáng og gras í þau.“ Jafnframt er þar greint frá ýmsum öðrum aðferðum við hreiðurgerð fyrir æðarfugl.¹⁵ Hvort þarna er verið að lýsa gömlum aðferðum eða nýjum er ekki vitað, en enn má sjá við Breiðafjörð gamla grjótgarda og hlaðin hreiðurstæði fyrir æðarfuglinn. Fjöldi ritgerða, sem skrifaðar eru eftir þetta og allt fram á okkar tíma, greina frá gagnsemi og mismunandi gerðum hreiðurskýla eða skjóls fyrir æðarfuglinn.

Hér verður í stuttu máli greint frá helstu aðferðum við gerð hreiðra, skýla og varphúsa í varplandi æðarfuglsins:

- Einfalt og auðvelt er að stinga holu, sem er 10–15 sm djúp og 25 sm í þvermál, niður í svörðinn, leggja stein eða hnaus við barminn og setja hey eða sinu í botninn. Einnig má raða nokkrum allstórum steinum í hálfhring utan um hreiðurskálina. Jafnvel má stinga upp hnaus, taka dálítið neðan af honum og setja hann aftur á sama stað og er þá komið hreiðurstæði með góðum botni. Einnig má grafa dálitla holu og leggja túnþöku eða torfu yfir og mynda þannig skál eða hreiðurbotn sem byggja má skjól í kring um eftir vild.
- Helluhreiðrið er aldagömul aðferð þar sem þrjár allstórar hellur, eða steinar, eru reistar upp á rönd og hreiðurbotn gerður inni í skýlinu. Stundum er þetta látið nægja en einnig hefur tíðkast að leggja hellu yfir sem myndar þá þak. Nota má hnausa í stað



Æðarhreiddur í hlöðnu
grjótbýrgi.

steina, en þá verður tæpast gert þak nema notað sé timbur eða annað létt efni.

- Í stað þess að nota hellur má rista allþykka torfu, reisa hana upp á rönd og sveigja í hálfhring utan um hreiddurskálina og festa með hælum eða teinum.
- Hlaða má garða úr grjóti eða torfi og gera hreiddur í skjóli þeirra. Garðar þessir þurfa ekki að vera mjög háir, 35–50 sm er nægjanlegt, en best er að gera skilrúm á milli hreiddra og má nota til þess grjót, hnausa eða annað tiltækt efni. Gæta þarf þess í upphafi að í mjúkum jarðvegi síga garðarnir talsvert með tímanum og er rétt að gera ráð fyrir því.
- Reisa lágan timburvegg úr 2–3 borðum og festa hann með hælum, teinum eða grjóti. Hreiddrin eru afmörkuð með borði hornrétt út frá veggnum og þarf að ætla hverju þeirra 40–50 sm á kant og gera hreiddurskál í botnin.
- Nýta gömul bíldekk og gera hreiddurbotn inni í þeim og bera í hey eða þang. Gæta þarf þess, ef dekkinn eru há, að ungarnir eigi greiða útgönguleið út úr þeim. Það má gera með því að hefta kantana saman þannig að ungin lokist ekki inni þar sem slangan var, gera gat á sólann eða rauf í gegn um, þ.e. taka bút úr því. Mjög breið dekk má kljúfa svo að tveir hringir fái úr einu dekki. Til þess að lágmarksrými fái fyrir hreiddur og fugl eru 15“ dekk lágmarksstærð.

- Varphús. Þá er átt við smáhús, þar sem hver kolla hefur vegg á þrjá vegu og þak yfir. Þau geta síðan verið mjög fjölbreytileg að gerð og úr margskonar efni.

Hér verður tveim gerðum lýst, en tekið skal fram að ekki er um tæmandi upptalningu eða lýsingu að ræða.

- Tréhús – raðhús. Notaður er krossviður eða borð, húsin þiljuð sundur í miðju að endilöngu og út frá skilrúminu í miðju koma hólff sitt hvorum megin, en framhliðin er opin og ekki er plata í botni húsanna heldur er þar gerð hreiddurskál með heyi í. Þak er svo sett yfir og gæta þarf þess að kollurnar sjái ekki hver til annarrar og að milliveggir og skilrúm nái upp í þak. Húsin eru fest með hælum, stögum eða grjóti. Lágmarksstærð hólfa er 40 x 40 sm og hæð upp í lægstu brún á þaki er 40 sm. Lengd húsa (fjölda hólfa) má hafa eftir vild, t.d. 3–6 hólff hvorum megin eftir aðstæðum.
- Járnhús, einbýli eða raðhús. Notaður er 50 sm breiddur afskurður af klæðningarstálpötum og hann beygður þannig að hann myndi bókstafinn „V“ á hvolfi, einn eða fleiri í hverri einingu. Húsin eru fest niður með hælum, hnausum eða grjóti og hlaðið er upp í opið öðrum megin. Lágmarkshæð er 50 sm, en gera þarf ráð fyrir að húsin sígi dálítið ofan í svörðinn með tímanum.

Runnar og trjákenndur
gróður veita skjól. Viða
sækir æðarfugl í slíkt skjól.





Hreiðurskýli geta verið margvísleg að gerð.

Allar ofangreindar aðferðir hafa verið í notkun hjá æðarbændum í einhverjum mæli um lengri eða skemmri tíma. Eftir að hafa fylgst með notkun þeirra um allt land um árabil er ekki vafi á að þær skila árangri. Hins vegar er mjög misjafnt hversu mikið fugl sækir í að hagnýta sér þennan aðbúnað. Á ýmsum stöðum þiggur hann allar gerðir, annars staðar að-

eins sumar og oft tekur það nokkur ár þangað til fugl leitar í tilbúin hreiður. Í einu varpi fæst aldrei æðarfugl í bíldekk en í því næsta kemur fugl í öll dekk jafnóðum og þeim er komið fyrir, en svipað gildir um fleiri hreiðurgerðir. Að fenginni reynslu virðist vera auðveldara að fá fugl í tilbúin hreiður á þeim stöðum þar sem góður og langvarandi friður hefur ríkt. Eins eru aðstæður ærið misjafnar og sums staðar það góðar frá náttúrunnar hendi að maðurinn getur þar lítið um bætt og þá hefur hreiðurgerðin lítið upp á sig. Annars staðar eru aðstæður það hrjóstrugar að allar aðgerðir eru til bóta.

Nýleg tilraun með hreiðurskýli, sem gerð var á Bessastöðum á Alftanesi og stóð í fjögur ár, lýsir e.t.v. nokkuð vel þeirri meðaltals reynslu sem virðist vera af hreiðurskýlunum hjá æðarbændum. Hér verður í stuttu máli sagt frá tilrauninni.¹⁶

Settar voru upp fjórar gerðir skýla/húsa og voru þau þannig gerð: *járnhús* frá Vírneti hf. í Borgarnesi, sem áður er lýst; *bíldekk*, þ.e. 15“ fólksbíladekk; *tréveggur* 70–100 sm langur og 40 sm hár, þar sem hnausar og steinar mynduðu hliðarveggi hreiðursins í skjóli hans; *grjótskýli*, þar sem allstórir og meðfærilegir steinar mynduðu boga/hálfmána í kringum hreiðurskálina. Alls voru sett niður 15 skýli af hverri gerð og hreiðurskál gerð í botni þeirra og hey sett í.



Hreiðurhús, raðhús, oft kennd við Dranga í Arneshreppi.



Jónas Helgason í Æðey með lið sitt tilbúið í dúnleit. Allir bera tvo dúnpoka um axlir. Dúnninn er flokkaður í betri dún og lakari og svo broðadún sem oft er látin í körfu. Þennan dag, 1. júní 2001, tóku sautján þátt í dúnleit í Æðey.

Landnám í skýlunum var þannig:

	<i>Fyrsta ár</i>	<i>Mt. fjögurra ára</i>
Járnhús	13%	9%
Bíldekk	40%	28%
Tréskýli	53%	33%
Grjótskýl	53%	43%

koma upp æðarvarpi. Annaðhvort á slóðum þar sem aldrei hefur verið varp áður eða þá að flytja varp á nýja staði, innan sömu jarðar, sem eru heppilegri varðandi eftirlit, umhirðu og vörslu. Nokkur reynsla er til á þessu sviði og mörg dæmi eru þess að tekist hafi „að kveikja varp“.

Viða er skjól svo gott að vart verður betur gert.

Góður árangur strax á fyrsta ári er athyglisverður, en á öðru ári er talið að ófriður á svæðinu í byrjun varps hafi dregið úr árangri, því varp á svæðinu var mun minna það ár miðað við árin á undan. Varpárangur í skýlunum var góður öll árin. Engin kolla yfirgaf hreiður, ekkert hreiður var rænt, og ungar komu úr öllum eggjum og leituðu til sjávar.

Mjög erfitt er að yfirfæra niðurstöður sem þessar yfir á aðstæður í öðrum varplöndum. Í ljósi reynslunnar virðist þó árangurinn, varðandi aðsókn að skýlum og samanburð á milli gerða af skýlum, falla nokkuð vel að því sem sést hefur á öðrum stöðum þar sem æðarbændur hafa reynt hreiðurskýli.

Nýverpi, „að kveikja varp“

Lengi hafa æðarbændur og aðrir látið sig dreyma um fljótvirkar aðferðir til þess að





Með tvo dúnpoka um axlir og körfu undir broðadún. Þriðji pokinn er með heyi til að láta undir í hreiðrin.

Ef kveikja á varp er grundvallaratriði að þar sé algjör friður fyrir mink, tófu og öðrum vargi og að landið sé friðað fyrir búpeningi. Þótt þetta gildi einnig um varplönd yfirleitt, má segja að stór og gróin varplönd þoli eitt hvert álag af þessum toga og geti náð sér næstu ár ef þá ríkir friður. Gegn slíku álagi er nýverpið miklu mun viðkvæmara.

Það sem áður er nefnt um skreytingu, tjarnir og hólma og hreiðurgerð gildir einnig þegar verið er að reyna að koma upp nýju varpi og verður því ekki endurtekið. En til viðbótar má nefna nokkur atriði. Á fjölda jarða hefur á síðustu áratugum verið komið upp æðarvarpi og á flestum þeirra hefur það verið friðunin, þau almennu atriði sem áður hafa verið nefnd, og síðast en ekki síst að líklega hefur verið eitt og eitt hreiður á stangli sem með friðuninni lagði grunninn að myndun æðarvarpsins. Stundum dugar þetta ekki til og þá eru önnur ráð reynd samhliða.

Í gömlum heimildum má sjá að talið var gott að nota úttroðna hami af blika og sérsmíðaða og málaða gerviblika til þess að láða æðarfugl á nýtt svæði. Sömu heimildir greina frá góðum árangri við að spekja æðarkollu svo vel á hreiðri að rétt fyrir útungun var hægt að setja tágarkörfu yfir fuglinn á hreiðrinu og flytja hann ásamt hreiðurkórfunni á nýjan stað þar sem ungarnir skriðu úr eggi.¹⁷ Einnig

er greint frá því að bliki hafi verið tjóðraður á nýja staðnum og jafnvel hænsni látin láða æðarfugl að.¹⁸ Á seinni árum hefur hvoru tveggja verið reynt, að nota gerviaðarfugla úr plasti og eins að flytja hreiður með fugli og eggjum á nýtt svæði og hefur þetta stundum gefist vel. Gerviaðarfuglarnir eru þá bæði látnir liggja við stjóra á tjörn og þeim jafnframt komið fyrir á væntanlegum varpstað.

Síðast en ekki síst er svo að nefna þá aðferð að ala upp æðarunga á þeim stað þar sem koma á upp æðarvarpi. Á síðustu tuttugu árum hefur slíkt verið gert með þeim árangri að fullyrða má að þarna er um raunhæfa aðferð að ræða við að koma upp æðarvarpi á nýjum stað. Um uppeldi æðarunga vísast til næsta kafla hér í ritinu (sjá bls. 93).

Dúntekjuaðferðir

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um dúntekjuaðferðir fyrr og nú. Því skal í upphafi minnt á, að misjafnt er eftir landshlutum hvað sú vinna er kölluð sem fer í hirðinguna í varplandinu – dúntekjuna. Við Breiðafjörð er talað um að *fara í leitir*, sumir tala um að *ganga varp*, aðrir um að *tína dún* o.s.frv. Síðasta leit hefur alltaf verið kölluð *broðaleit* við Breiðafjörð. Þá kallast dúnhreiðrið *útleiðsla* þegar kollan er farin með ungana. En þannig er eflaust til mismunandi orðanotkun um fjölmargt fleira.



Merking eggja. Í textanum er því lýst hvernig merkja má egg til þess að fylgjast með því hversu mörg egg komu í hreiðrið og hvort einhver þeirra hurfu í eggjaræningja.

Þótt aðferðir við dúntekju byggist á áratuga- eða aldagamalli reynslu, þar sem eldri kynslóðir kenndu þeim yngri það sem reynslan hafði sýnt að best hentaði á hverjum stað, þá hafa vinnuaðferðir verið mismunandi, t.d. eftir landshlutum. Ekki er óeðlilegt að aðferðirnar tækju mið af veðurfari og landfræðilegum aðstæðum á hverjum stað. Þá ber að hafa í huga að fram á tuttugustu öldina var eggjataka fastur liður við nýtingu æðarvarps og hugsanlegt er að varp hafi verið gengið oftar þess vegna. Á síðari áratugum hafa aðferðir við dúntekju tekið breytingum, en þar má nefna að varp er ekki gengið eins oft og áður, eggjataka er nánast aflögð og sú aðferð, að taka allan dún strax eða fljótlega eftir að fulldúnað er, hefur eitt-hvað breiðst út.

Lengi vel var eggjataka mikilvægur hlekkur við nýtingu æðarvarps, þótt síðar yrði mönnum ljóst að dúnninn var mun verðmætari afurð heldur en eggin og mikilvægt væri að stuðla að sem bestum viðgangi stofnsins með því að fá unga úr sem flestum eggjum. Þegar mönnum fór að þykja nóg um eggjatökuna var jafnvel haft á orði að ekki væri skynsamlegt að stunda eggjaát í kappi við varginn. En árið 1913 er hert á ákvæðum um eggjatöku í lögum um friðun æðarfuglsins. Með eggjatökunni skapaðist víða sá siður að merkja þau egg sem skilin voru eftir í hreiðrinu með hlaupandi númeri. Þannig var auðvelt og fljótlegt að sjá þau egg sem bæst höfðu við næst þegar komið var í hreiðrið. Enn í dag er þessi aðferð viðhöfð og merkjum hagað þannig að merkja hvert egg t.d. 1/5 – 5/5, þ.e. egg nr. 1 af 5 eggjum í hreiðri o.s.frv., en þannig má fylgjast með því hvað hverfur í eggjaræningja. Um eggjatökuna verður fjallað nánar annars staðar í ritinu.

Þótt fróðlegt og lærdómsríkt sé að kynnast dúntekjuaðferðum fyrri tíma verða þeim ekki gerð tæmandi skil hér heldur reynt að rekja stuttlega nokkur dæmi.

Í *Ferðabók Eggerts og Bjarna* frá 1752–1757 er aðferðum við dúntekju lýst þannig að æðarvarp sé gengið einu sinni í viku til þess að taka egg, en dúnn sé tekinn í fjórðu leit og flokkaður strax eftir gæðum. Þarna kemur fram að dúnninn er ekki tekinn fyrr en í kringum útleiðslu.¹⁹ Sama lýsing kemur fram hjá Ólafi



Litamerkt stika sett við hreiður þegar fullorpið er. Ákveðinn litur er fyrir hvert tímabil. Því má úr fjarlægð sjá hvenær vænta má útleiðslu.

Stefánssyni nokkrum áratugum síðar, nema hann tekur fram að ekki megi taka allan dún úr hreiðri á meðan egg séu í því.²⁰

Magnús Einarsson í Hvallátrum á Breiðafirði lýsir dúntekjuaðferðum svo árið 1848: Í hverri dúnleit var farið í hvert hreiður, egg, dúnn og hreiðurbotn tekin upp og þurr sína eða þang sett í botninn og blautur dúnn tekinn. Í hverri leit var svolítið af dúni tekið eða um fjórðungur hans, en þess gætt að skilja nógu mikið eftir til þess að nóg væri af dúni undir og í kring um eggin og til þess að breiða yfir þau. Þannið var farið tvívegis eða oftar í hvert hreiður, en við eða eftir útleiðslu var það, sem eftir var, tekið. Allur dúnn var flokkaður jafnóðum. Hann getur þess að sumir taki ekki dún fyrr en eftir útleiðslu og að til séu bændur sem taki allan dún jafnóðum og hann kemur í hvert hreiður, en mælir jafnframt eindregið gegn þeirri aðferð.²¹

Í grein sinni frá 1877, ráðleggur Eyjólfur Guðmundsson á Eyjarbakka, að taka engan dún fyrr en við útleiðslu og finna má fleiri heimildir um sömu ráðleggingar.²²




Í frásögn sinni af æðarvarpi á Íslandi, frá 1907–1908, segir Daniel Bruun svo um dúntökuaðferðir, að algengast sé að ganga varp einu sinni í viku og taka egg og dálítið af dúni í hvert sinn en gæta þurfi þess að nægjanlega mikið af dúni sé eftir til þess að umliggja eggin svo að þau haldist heit. Hann telur að of mikil dúntekja, hvað þá ef allt er tekið, leiði auk þess til þess að fuglinn reyni að bæta það upp með því að nota fjaðrir í staðinn sem ekki sé æskilegt. Hann getur þess að með hóflegri dúntekju smátt og smátt, þá haldi menn því fram að dúnnýting verði betri heldur en ef ekkert er tekið fyrr en við útleiðslu. Aðrir bendi á að slíkt sé óverulegt, því að ef fugl sé oft rekin af og einhver hluti dúnsins tekinn, þá tíni fuglinn meira af rusli saman við í staðinn. Hann segir að nýjasta aðferðin á Íslandi sé sú að taka alls ekki egg, og dúnninn ekki fyrr en eftir útleiðslu. Með þessu mæli þrír þekktustu æðarbændur landsins, sem fullyrði að fyrri aðferðir gangi of nærri fuglinum. Fram kemur að æðarbændur séu tregir til þess að fara eftir þessum ráðum.²³

Í stórmerkri ritgerð sr. Sigurðar Stefánssonar í Vigur, árið 1917, segir að best sé að taka ekki dún fyrr en eftir útleiðslu, en telur í lagi að taka dálítið í einu í nokkur skipti þegar líða fer á álegutímann.²⁴

Árið 1928 birti Einar B. Guðmundsson á Hraunum könnun á dúntekjuaðferðum, sem hann gerði með því að skrifa 19 stærstu varpeigendunum á landinu, en 11 þeirra svöruðu og er samandregin niðurstaða hans þessi:

Í þessu varpi eru öll hreiður merkt til þess að finna megi þau þegar kollan hefur leitt út. Dúnninn fylkur fljótt ef ekki er skjól. Þarna hefði einhvers konar skýli komið sér vel.



Þrjár aðferðir eru tíðkaðar við dúntökuna, og þó fjórar:

1. Dúnninn er tekinn úr hreiðrinu, smátt og smátt, á meðan á varpinu stendur. Seinast er hreiðrið rúið að öðru en dálitilli dúnskán undir eggjunum. Er það gert af ótta við regn og storm, og svo af gömlum vana. Sömuleiðis er það trú margra, að ekki sje unt að fá jafngóðan dún á annan hátt.
2. Dúnninn er að eins tekinn jafnóðum og fuglinn ungar út. Er hann allur settur saman í poka og ekkert hugsað um aðgreiningu, fyr en farið er að þurka hann.
3. Dúnninn er tekinn jafnóðum og ungar út, en aðgreindur um leið og hann er tekinn, í botnadún og hreiðradún, þ.e. hreiðrabotnarnir, sem altaf eru ruslmiklir og meira og minna rakir, hafðir sjer. Dúnninn er því strax í byrjun aðgreindur í 2 flokka, betri og lakari, og er þeim flokkum síðan aldrei blandað saman.
4. Allur dúnninn er tekinn áður en ungar út, og sett í staðinn þurt, stórgert hey. Þetta síðasta ber þó varla að skoða nema sem tilraunir einstaka manna.²⁵

Á þessum tíma virðist því í raun vera um tvær dúntekjuaðferðir að ræða, þ. e. að taka dúnninn smátt og smátt á varptímanum eða að taka ekki dún úr neinu hreiðri fyrr en eftir útleiðslu.

Ef tekið er tímabilið frá því að þessi könnun var gerð og fram undir 1970, þá hafa nokkrir kunnir æðarbændur greint frá aðferðum sínum við dúntekju. Þar kemur í stuttu máli fram að sömu aðferðirnar tvær eru ríkjandi, þ.e. engin dúntaka fyrr en eftir útleiðslu og dúntaka smátt og smátt, þó að margir þeirra telji að dúntaka smátt og smátt, eftir að kollan hefur legið á í dálítinn tíma, sé sú aðferð sem mælt er með, ef þurrt hey er sett í staðinn og nóg skilið eftir af dúni til þess að umlykja eggin. Ólafur á Hellulandi segir að þeir séu til sem taka allan dún nokkru áður en útleiðsla hefst og mælir hann gegn því.²⁶ Sama gera reyndar fleiri á þessum tíma, en um það segir Árni G. Pétursson t.d.: „Ég hef sjálfur orðið fyrir því óhappi að taka of mikinn dún í köldu og úrfellasömu vori og leiddi það af sér að ekki ungaðist út í mörgum hreiðrum, en vegna

Aðferðir við dúntekju, meðaltal fjögurra ára

	Meðatal eggjafjölda í hreiðri	Fjöldi unga úr eggjum: %	Hreinn dúnn úr hreiðri: gr	Hlutfall dúns*
Breiðfirska aðferðin a): Farið er 2–3svar í hvert hreiður eftir að fulldúnað er og dálítið af dúni tekið í hvert skipti, en þurrt hey sett undir og síðasti dúnninn (afgangurinn) tekinn við útleiðslu.	3,8	81	15,53	91
Breiðfirska aðferðin b): Farið er 2–3svar í hvert hreiður eftir að fulldúnað er og dálítið af dúni tekið í hvert skipti, en þurrt hey sett undir. Allur dúnn tekinn þegar örstutt er í útleiðslu og þurrt hey sett í staðinn.	3,8	75	16,34	96
Hreiður og dúnn algjörlega óhreyft allan tímann og dúnn einungis tekinn við eða eftir útleiðslu.	3,6	75	14,85	87
Allur dúnn tekinn strax og fulldúnað er og þurrt hey sett í staðinn.	3,8	80	17,05	100

* Aðferðin sem gefur mestan dún er sett sem 100, aðrar aðferðir síðan reiknaðar sem hlutfall af henni.

fjarveru hafði ég ekki tök á að stunda síðaða varpmenningu.²⁷

Aðferðum við dúntekju í Skáleyjum lýsir Jóhannes G. Gíslason þannig árið 1983. Áður voru farnar þrjár leitir. Nú eru þær tvær. Í fyrri leit eru tekin örfá egg. Úr hreiðrunum sem liggja undir skemmdum vegna flæðihættu er tekinn allur dúnn og hey eða sina sett í staðinn, en við önnur þar sem dúnn er góður og óspilltur er tekinn hluti hans og hlynnt að hreiðrunum um leið og sett er þurrt undir. Fyrri leitin er venjulega síðast í maí og byrjun júní. Hroðaleitin er við eða eftir útleiðslu, oft um 20. júní. Ef farið er fyrir verða erfiðleikar með unga sem eru að skriða úr egg, þeir vilja hlaupa frá kollunni og týnast og Jóhannes segir: „Einnig er það harkalegt við kolluna að taka frá henni þessa náttúrlegu undirsæng meðan hún þarf á henni að halda.“²⁸ Líklega á ofangreind lýsing við hjá mörgum æðarbændum við Breiðafjörð á síðari árum. Þá má nefna að við Breiðafjörð og víðar er það gamall siður að hrista eggjakoppa og eggjaskjóðurnar úr útleiðslunni ofan í hreiðurbotninn í hroðaleitinni. Sagt var að það myndi hæna kolluna að næsta ár.

Í fræðsluriti sínu um æðarvarp og dúntekju frá 1984 telur Eysteinn G. Gíslason að það hafi verið misjafnt hversu oft var talið nauðsynlegt að leita, það hafi farið eftir að-

stæðum. Áður hafi verið algengt að fara í 4 leitir, en núorðið láti sumir nægja að fara einu sinni seint á varptímanum. Síðan færir hann ýmis rök fyrir þeirri aðferð að leita tvisvar eins og stuttlega er lýst hér á undan.²⁹

Á árunum 1993–1996 var gerð tilraun með 4 mismunandi aðferðir við dúntekju á Bessastöðum á Álftanesi. Taflan hér að ofan sýnir tilraunaliðina og hluta af niðurstöðunum.

Þarna kemur fram að meðalfjöldi eggja í hreiðri var 3,6–3,8 egg. Ungar komu úr 75–81 % eggjanna, hin hurfu og er talið að máfur eða annar vargur hafi tekið þau. Að meðaltali komu 14,85–17,05 gr af dúni úr hreiðri eftir aðferð eða með öðrum orðum, þurfti 58,7–67,3 hreiður til þess að gefa 1 kg af fullhreinsuðum dúni. Þó að mestur dúnn kæmi úr þeirri aðferð þar sem allt var tekið strax og minnstur dúnn fengist þar sem dúnninn lá óhreyfður í hreiðrinu allan tímann, þá skal haft í huga að hvergi kom fram tölfræðilega marktækur munur á milli aðferða. Að ekki næst betri nýting en þarna kemur fram, jafnvel þó að allur dúnn sé tekinn snemma, skýrist af því að mikið er af mosa og öðrum gróðri í landinu sem erfitt er að ná úr dúninum og því rýrnar hann talsvert við hreinsun. Sú aðferð að taka allan dúnninn strax og fulldúnað er, gefur mestan dún til nytja, enda nokkuð augljóst að þannig hlýtur að fást mestur dúnn, hins vegar



Úr varpi á Stað í Reykhólasveit. Sigríður Héðinsdóttir og Héðinn Arnason í dúnleit. Þarna sækir hvönn inn í gróið land.



kom ekki fram tölfraðilega marktækur munur á milli aðferða. Hitt er þó athyglisvert hversu lítill munur er á milli þess að taka dúninn strax og þess að taka hann í áföngum á álegutímanum ef þurrt hey er sett undir. Getur ekki verið að tilgangur náttúrunnar með því að leggja til dún í hreiðrin sé að draga úr orkutapi kollunnar á álegutímanum? Ef aðferðir við dúntekju leiða til þess að kollan léttist meira en annars hefði orðið, þá er um leið verið að taka áhættu eða hafa óbein áhrif á lífaldur hennar. Tíðarfar var æðarvarpi mjög hagstætt þau ár sem tilraunin stóð, því má velta fyrir sér hvort niðurstaðan hefði orðið önnur ef tíðarfar hefði verið breytilegra en raun varð á. Í lok umfjöllunar um tilraunina á Bessastöðum segir: „Á meðan ekki hefur verið kannað hvort eða hversu mikið það eykur álag á kollurnar að taka allan dúninn strax og fulldúnað er, virðist ástæða til þess að nota þessa aðferð með varúð.“³⁰

Að lokum um dúntekjuna og framkvæmd hennar

Fyrst eftir að fuglinn sest upp ætti að vera sem allra minnst umferð um varplandið, enda öllum undirbúningi þá löngu lokið. Þó er sjálfsagt að fylgjast með varplandinu úr fjarska eftir því sem tók eru á. Þegar meginhluti fuglsins er fullorpin og kominn er verulegur hluti þess dúns sem á annað borð losnar af fuglinum,

má fara að huga að dúntínslu (fara í leitir). Gengið er skipulega um landið þannig að sem minnst ónæði skapist. Fordast þarf allan óþarfa hávaða og ekki skal dveljast lengur í varpinu en nauðsyn krefur. Ef gætilega er farið fer kollan aðeins nokkurn spöl í burtu og kemur fljótt á aftur. En gætileg umgengni og umhirða um varplandið hænir fuglinn að og veitir honum vernd.

Hreiðrin eru meðhöndluð á eftirfarandi hátt: Eggín eru tekin úr hreiðrinu og skyggnd eftir að drit kollunnar hefur verið þurrkað vandlega af þeim. Ef um kaldegg er að ræða, þarf að láta kolluna fá önnur í staðinn. Dúninum er lyft úr hreiðrinu til að aðgæta hvort þurrt sé undir. Ef einhver bleyta er í hreiðurbotninum, þarf að fjarlægja það efni (dún, hey, þang o.fl.) og setja þurra sinu eða hey í staðinn. Blauta dúninn skal taka heim og þurrka strax, ásamt því að taka dálítið af besta dúninum. Ganga þarf þannig frá hreiðri að nóg sé af dúni undir og kringum eggín og hagræða og breiða vel ofan á þau, því að ekki skal taka meiri dún í einu en svo að nóg sé eftir til að umlykja öll eggín með dúni. Mjög er misjafnt hversu mikið má taka úr hverju hreiðri, því bæði eru eggín mismörg og svo er eitthvað misjafnt hversu mikill dúnn fellur til. Þarna ráða aðstæður hverju sinni. Þessa umgengni, sem hér hefur verið lýst (leitum), þarf

að endurtaka 2–3 sinnum, þó láta margir tvær leitir nægja núorðið, sérstaklega þar sem yfirferð er mikil. Þar sem aðeins er farið í tvær leitir er víða miðað við að fara í fyrri leitina dálitlu áður en fyrstu kollurnar fara að leiða út og er þá tekinn allt að helmingur dúnsins. Seinni leitin – hroðaleit – er svo farin þegar mestur hluti kollnanna hefur leitt út, þ.e. yfirgefið hreiðrin og farið með ungana til sjávar, en þá er tekið það sem eftir er af dúninum í hverju hreiðri. Hvort sem farið er í tvær leitir eða oftar, þá er sjálfsagt að taka besta dúninn fyrst og halda honum sér.

Sumir hafa þann hátt á að taka engan dún fyrr en ungarnir eru farnir úr hreiðrinu. Með þessu lagi verður lakari dúnnýting. Æskilegt verður að teljast að fara undir kollurnar einu sinni eða oftar á meðan þær liggja á og setja þurrkt undir, skyggna eggin og taka eitthvað af dúni. Þar sem varp er þétt og aðgengilegt fara menn jafnvel daglega um og fylgjast með og taka útleiðslurnar jafnóðum. Fuglinn venst þessu fljótt, verður spakur og fer lítt af.

Sá siður að taka allan dún úr hverju hreiðri um eða rétt eftir miðjan varptíma og setja hey eða sinu í staðinn hefur eitthvað færst í vöxt á seinni árum. Þannig fæst að vísu bestur dúnn, því að ekki bíður dúnninn sér til bóta í hreiðrinu. Eins og flest varðandi dúnnytjar getur þarna skipt verulegu máli hvernig að þessu er staðið og hversu snemma á tímabilinu dúnninn er tekinn, hvort það er gert á köldustu svæðum landsins eða þar sem minni hætt er á hreti og illviðrum og hvort og hversu mikið er sett af t.d. heyi í staðinn. Heldur sýnist þetta þó harkaleg aðferð og verður ekki mælt með henni hér. Helst kemur þetta þó til greina í hreiðrum sem erfitt er að finna aftur eða eiga á hættu að skemmast, t.d. flæða upp. Eins og áður hefur komið fram þá mæla flestar tiltækar heimildir, sem á annað borð fjalla um þessa aðferð, gegn henni. Auk þess má benda á að í augum dúnkaupenda erlendis gæti þetta litið út sem rányrkja og að of nærri fuglinum sé gengið. Því hefur verið haldið fram að óhætt sé að taka allan dúninn snemma úr hreiðrinu vegna þess að hann losni fyrst og fremst af kollunni til þess að varmi frá henni komist betur að eggjunum. Hér er auðvitað um einhvern misskilning að ræða. Hið



rétta í málinu er hins vegar það að losun dúnsins gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar verður eitthvað auðveldara að koma varma að eggjunum eftir að dúnninn er farinn af kollunni, en varma til eggjanna kemur kollan á þann hátt að leggja brjóstfjaðrirnar til hliðar og ná snertingu við eggin, dúnninn er þá ekki sem einangrandi lag á milli. Hins vegar gegnir losun dúns frá fuglinum ekki síður því hlutverki að vera framlag kollunnar til að auðvelda að varmi haldist á svo mörgum og stórum eggjum í rysjóttu loftslagi norðlægra landa og þannig einangrast þau frá kulda í botni hreiðurs og til hliðanna. Þá má leiða sterkar líkur til þess að dúnn í hreiðri gegni líka því hlutverki að draga úr varmatapi frá kollunni sjálfri, en meðan hún liggur á étur hún ekkert og léttist því mjög mikið. Að taka allan dún, einkum snemma, á útungunartímanum eykur því

Farið er í hvert hreiður, eggin tekin upp og þurrkuð og hluti dúnsins tekinn og þess gætt að nóg sé eftir til þess að umlykja eggin. Þurrkt hey er sett í hreiðurbotninn. Dúnleitarfólkið eru þau Jón Þórðarson og Sigríður Héðinsdóttir.

mjög líklega á orkutap hennar og gæti skipt sköpum um hvort hún endist til að liggja á til enda ef eitthvað bjátar á með veður. En þó að kollan nái að ljúka útunguninni, getur skipt miklu um lífslíkur hennar næstu vikurnar hversu nærri sér hún hefur gengið við að unga út. Samkvæmt erlendri rannsókn, þá verður nærri helmingur árlegs fugladauða (fullorðnar varpkollur) í júní og júlí eftir að útungun er lokið.³¹ Þetta undirstrikar það hversu viðkvæmur fuglinn er á þessum tíma.

Hvaða aðferð sem viðhöfð er, þá skal þess ávallt gætt að leita aldrei í rigningu eða þegar blautt er á. Eins er mjög erfitt að leita ef hvasst er, því þá er hætt á að dúnninn fjúki. Þá ber að forðast að styggja fugla af hreiðrum í miklum kuldaköstum.

Að skyggna egg

Einn liður í því að sinna vel um æðarvarp er að skyggna eggin um leið og leitað er. Þetta er gert til þess að kollurnar liggi ekki að óþörfu á ófrjóum eggjum. Eins getur fúlegg freistað kollunnar til þess að liggja á lengur en þörf krefur og eykur það hættuna á að hún missi frá sér unga sem eru tilbúnir til þess að yfirgefa hreiðrið. Þá geta fúlegg sprungið í hreiðrinu. Upplagt er að skyggna eggin í fyrstu leit um leið og þau eru tekin úr hreið-



Kolla á hreiðri.

inu, en þjálfaðir leitarmenn ná talsverðum hraða við þetta verk þótt öðrum finnist það seinlegt.

Þótt skyggning eggja tilheyri gömlum og hefðbundnum verkum í æðarvarpi, þá fer þeim fækkandi sem stunda hana, en skyggning eggja er framkvæmd þannig:

Egginu er haldið þannig að lófi annarrar handar, sem ásamt þumal- og vísifingri, er látinn mynda trekt á milli auga manns og breiðari enda eggins og svo er því lyft á móti sólu og snúið til með hinni hendinni svo að birta falli í gegnum það. Nýtt egg er alveg fullt og sýnist næstum glært í gegn en fljótlega kemur borð á það (þá er sagt að það sé setið), sem stækkar nokkuð eftir því sem líð-

Höfundur greinarinnar að skyggna egg í varpinu á Stað í Reykhólasveit.





*Mikið skreytt æðarvarp.
Hólminn í Hagavatni á
Snæfellsnesi. Hvönnin er
til mikillar óþurftar.*

ur á útungunina og innihaldið dökkar. Sé eggíð lifandi (frjótt) myndast fljótlega gulur baugur efst í hvítunni og kallast hann „stropi.“ Fljótlega myndast æðar í rauðunni, sem kvíslast út frá kjarnanum – auganu, en þá er ástand eggisins eðlilegt. Þegar ungin er nokkuð vaxinn er eggíð fullt og sést þá ekki í gegnum það. Sjáist enginn gulur baugur eða æðar, hvernig sem egginu er snúið, en þó er borð á því, þá er eggíð kaldegg – ófrjótt.³² Innihald kaldeggja verður að lokum eins og

skólp sem gutlar í ef eggíð er hrist gætlega. Þegar liður á álegutímann geta þjálfadir leitarmenn séð hvort um kaldegg er að ræða, án þess að skyggna eggin, því að þau dökkna með tímanum vegna gasmyndunar.³³

Kaldegg á að fjarlægja úr hreiðrum og ef öll eggin í sama hreiðri eru kaldegg þarf að útvega lifandi egg í staðinn.

Meðfylgjandi teikning, sem gerð var að forsögn Eysteins G. Gíslasonar sýnir útlit innihalds æðareggs við skyggningu.³⁴



*Teikningarnar sýna
hvernig mismunandi
stig útungunar koma
fram við skyggningu.*

1: ný egg.

2–3: stoppuð egg.

4–5: unguð egg.

6–7: egg komin að óbroti.

8–10: kaldegg.

*Teikning eftir Bjarna
Jónsson að forsögn
Eysteins G. Gíslasonar.*

Vottuð náttúruafurð

Á síðari árum hefur lífræn ræktun vakið vaxandi athygli í nágrannalöndum okkar og markaður fyrir vottaðar lífrænar landbúnaðarafurðir er að aukast. Upp úr 1990 var farið að gefa þessum málum gaum hér á landi en þáttaskil urðu með setningu laga nr. 162/1994 og reglugerð nr. 219/1995 um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Þegar ljóst var orðið að þessi framleiðsluaðferð var að festast í sessi í íslenskum landbúnaði og hafin var vottun og eftirlit með þeirri framleiðslu, sem óskaði að starfa undir merkjum lífrænnar framleiðslu, virtist mörgum það augljóst að æðarræktin hlyti að falla beint undir skilgreininguna *lífræn framleiðsla*. Því væri það vart annað en formsatriði að fella æðardúnninn undir þetta merki. Á aðalfundi ÆÍ haustið 1995 var málið fyrst rætt og í upphafi árs 1996 hófu stjórn ÆÍ og hlunnindaráðunautur að vinna að málinu.³⁵ Viðræður við vottunarstofurnar tvær, sem hér hafa starfað, leiddi fljótlega til þess að Vottunarstofan Tún tók að sér að vinna að málinu. Fljótlega kom hins vegar í ljós að æðardúnninn félli ekki að öllu leyti að skilgreiningum lífrænnar framleiðslu. Þannig er ekki unnt að fylgjast með fæðuöflun fuglsins utan varptíma og ekki er hægt að skrá ferðir hans eða lifnaðarhætti drjúgan hluta ársins. En

eins og kunnugt er byggir vottun lífrænnar framleiðslu m.a. á ítarlegri skráningu varðandi viðkomandi framleiðslu allt framleiðsluferlið, ásamt eftirliti. Jafnhliða kom síðan í ljós að reglur um lífræna framleiðslu rúma að öðru leyti vottun afurða villtra fugla og í framhaldi af því bauð Vottunarstofan Tún upp á vottun æðardúns sem *náttúruafurðar* og taldi megin-kosti slíkrar vottunar vera þessar:

- „Náttúrulegur uppruni afurðanna, sjálfbær nýting auðlinda, velferð dýranna, umhverfisvernd og rétt meðferð hráefnis allt frá söfnun til pökkunar, eru staðfest reglulega af óháðum aðila.
- Vottað er eftir hliðstæðum reglum og gert er fyrir lífræna framleiðslu, sem undirstrikar tengsl þessara sviða og hugsanlegan samruna síðar, að fenginni aukinni þekkingu á vistfræði villtra dýrastofna og nauðsynlegum breytingum á alþjóðastöðlum.
- Varan er markaðssett undir merki viðurkenndrar vottunarstofu, sem veitir neytandanum tryggingu fyrir því að framleiðsluaðferðir hafi staðist ákveðnar kröfur.
- Hugtakið **Vottuð náttúruafurð** sprettur af hliðstæðu hjá virtum vottunarstofum á borð við *Debio* í Noregi (**Naturprodukt**) og *Soil Association* í Bretlandi (**Certified product**).

Tilbúnir hólmar innst í botni Súgandafjarðar. Hólmarnir næst á myndinni voru gerðir með því að grafa þá frá landinu neðan við túnið. Þeir hafa síðan verið ræktaðir upp með heyi og móði, en þarna er nú nokkurt æðarvarp.



Nokkur meginatriði

- Æðarbúskapur er aldagömul búgrein sem byggir á langri reynslu varðandi umgengni og umhirðu um varpstöðvarnar.
- Varpland æðarfuglsins þarf að undirbúa fyrir komu hans á vorin með því að laga hreiður með ýmsu móti, bæga flugvargi frá og ganga úr skugga um að ekki sé tófa eða minkur á svæðinu.
- Margs konar skreyting varplanda hefur gefist vel, bæði til þess að laða æðarfuglinn að og eins til þess að fæla frá varg og hindra hann í því að spilla varpi.
- Algengustu varpsvæði æðarfugls eru í eyjum og hólum, en landvarp hefur aukist á síðustu áratugum þar sem svæði hafa verið friðuð og tekist hefur að verja þau fyrir tófu og öðrum vargi. Tjarnir í varplöndum eru oft gagnlegar.
- Halda þarf búpeningi frá æðarvarpi yfir varptímamann, t.d. með girðingum. Tófuheldar girðingar eru í notkun.
- Hreiðurgerð og fjölbreytileg gerð skýla fyrir æðarfuglinn eru æðarvarpi til framdráttar við vissar aðstæður. Tilgangur slíkra aðgerða er að mynda skjól, vera einhver vörn gegn flugvargi, laða æðarfugl að og auka varp, bæta dúnnýtingu og gera útungun öruggari. Í greininni er allmörgum aðferðum við gerð skjóls eða skýla lýst.
- Viða hefur tekist að koma upp nýverpi og er helstu aðferðum við það lýst.
- Aðferðir við dúntekju eru breytilegar. Mismunandi aðferðum er lýst og fjallað er um hugmyndir manna varðandi þær. Algengri og hefðbundinni aðferð er lýst og kostir hennar raktir og jafnframt bent á þá áhættu sem getur verið því samfara að taka allan dún of snemma úr hreiðri.
- Fjallað er um það hvernig á að skyggna egg og að fylgjast þurfi með því að ekki séu kaldegg í hreiðri.
- Að lokum er fjallað um þá nýjung sem nú stendur æðarbændum til boða, uppfylli þeir ákveðin skilyrði, að fá æðardúninn vottaðan. Hann fellur þá undir skilgreininguna „vottuð náttúruafurð“ og er vottað eftir hliðstæðum reglum og gilda fyrir lífræna framleiðslu.

- Sneitt er hjá þeirri freistingu að túlka hugtakið **lífrænt** víðara en núgildandi alþjóðareglur gera, sem kynni að brjóta í bága við hagsmunum framleiðenda og veikja tiltrú neytenda.
- Unnt er að sveigja eftirlitsfyrirkomulag að stærð og dreifingu söfnunarstöðva, því náttúruafurðir falla ekki undir kröfuna um árlega heimsókn til hvers framleiðanda (safnara).³⁶

Nokkru eftir að þetta lá fyrir lagði Vottunarstofan Tún fram reglur um vottun náttúruafurða fyrir æðarfugl. Eftir ítarlegar viðræður við ÆÍ og hlunnindaráðunaut samþykkti félagið reglurnar og frá og með apríl 1999 hafa þeir æðarbændur sem þess óska, uppfylli þeir kröfur þær sem settar eru um vottun náttúruafurða, fengið dún sinn vottaðan.

Lokaorð

Allt frá *Ferðabók Eggerts og Bjarna*, greina heimildir að einhverju leyti frá ýmsu af því sem getið er um í ofangreindum texta. Því er ljóst að ýmsar aðferðir og vinnubrögð við hirðingu æðarvarps standa á gömlum merg og eru því eldri en margur heldur. Annað er þó síðari tíma uppgötvun, byggð á reynslu eða skipulögðum athugunum eða tilraunum. Þar

Ári síðar framleiddi einn æðarbóndi undir þessu merki.

Gildandi reglur um vottun náttúruafurða taka til eftirfarandi þátta varðandi æðarrækt: *Eftirlits og vottunar, aðbúnaðar og verndunar í varpstöðvum, æðarungauppeldis, dún- og eggjatöku, meðferðar á afurðum og merkingar og skýrsluhalds*. En nokkuð ítarleg upptalning er síðan undir hverjum lið um þá þætti sem uppfylla þarf.

Ljóst er að fyrir langflesta æðarbændur er auðvelt að uppfylla þau skilyrði sem sett eru varðandi vottun æðardúnsins. Reynslan á hins vegar eftir að skera úr um það hversu miklum ávinningi vottun sem þessi skilar, en fullyrða má að varla getur slík vottun orðið til tjóns. Um er að ræða ákveðna gæðastýringu og aukna árvekni í umhverfismálum, sem ætti að hafa ýmsa kosti við markaðssetningu.

sem ekki er vitnað í heimildir í textanum er annaðhvort um atriði að ræða sem víða má finna í heimildum eða að það byggir á því sem höfundur hefur séð og reynt.

Í eftirfarandi heimildaskrá eru þær heimildir sem vitnað er til í greininni. Síðan er skrá yfir ýmsar aðrar heimildir um svipað efni, þótt ekki sé vitnað til þeirra í texta.